

Nd.

214. Frumvarp

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Jón Ólafsson,
Hákon Kristófersson, Pjetur Ottesen, Jón A. Jónsson.

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að efla sjávarútveg landsmanna.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

1. Eign sjóðsins í peningum og skuldabryfum eins og hún verður, er lög þessi öðlast gildi.
2. Tillag úr ríkissjóði, 100000 kr. á ári næstu 5 ár.

3. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn skal gefa út vaxtabryf. Skulu það vera skuldabryf, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum sjóðsins. Stjórn sjóðsins kveður á um útlit bryfanna. Fjármálaráðherra og stjórn sjóðsins undirrita bryfin.

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabryfum en nemur ferfaldri upphæð höfuðstóls Fiskiveiðasjóðsins.

Nánari ákvæði um bryf þessi setur fjármálaráðherra í reglugerð.

4. gr.

Fiskiveiðasjóðurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Svo á hann og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð fyrir sjálfan sig.

5. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, er kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum sjóðsins, eftir að $3\frac{1}{2}\%$ ársvextir af höfuðstólnum hafa verið lagðir við hann, þangað til varasjóður er orðinn 15% af upphæð höfuðstóls. Þar eftir er stjórn sjóðsins skylt að leggja í varasjóð svo mikið af tekjuafganginum, sem þarf til þess, að varasjóðurinn haldi áfram að vera 15% af höfuðstólnum, en þann tekjuafgang, sem þar er fram yfir, má leggja við höfuðstólinn.

Fje varasjóðs má ekki nota til útlána, heldur skal það ávaxtað á þann hátt, að handbært sje, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð Fiskiveiðasjóðs. Af varasjóði skal greiða tap, er Fiskiveiðasjóður kann að verða fyrir vegna útlána.

6. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum Fiskiveiðasjóðs er:

1. Skuldabryf þau, er Fiskiveiðasjóður fær frá lántakendum.
2. Varasjóður Fiskiveiðasjóðs.
3. Höfuðstóll Fiskiveiðasjóðs.
4. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem hjer er talin.

7. gr.

Fje Fiskiveiðasjóðs má eingöngu lána til:

1. Skipakaupa, alt að 60 smálesta.
2. Stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar eða til eflingar þeim, þar á meðal til verksmiðjuiðnaðar á fiskiafurðum og fiskiúrgangi.

Skipakaupalán mega ekki nema meiru en helmingi virðingarverðs skipsins, þó ekki yfir 30000 kr., og önnur lán ekki yfir þriðjung stofnkostnaðar fyrirtækisins, þó ekki yfir 50000 kr.

8. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

- a. Gegn fasteignaveði, með tryggingu innan $\frac{3}{5}$ af virðingarverði veðsins, enda hvíli ekki veðskuldir til annara en opinberra sjóða á eigninni á undan veðrjetti Fiskiveiðasjóðs.
- b. Gegn 1. veðrjetti í skipi, alt að helmingi virðingarverðs, enda sje virðingin framkvæmd eftir reglum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Veðrjettur sjóðsins gengur fyrir sjerhverjum veðrjetti í skipinu, að opinberum gjöldum einum undanskildum.

9. gr.

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins.

10. gr.

Lán úr Fiskiveiðasjóði má veita:

- a. Skipakaupalán til alt að 10 ára.
- b. Atvinnubótalán til alt að 20 ára, enda sje fasteignaveð fyrir.

Lánin mega vera afborgunarlaus 1—3 ár, en endurgreiddast að öðru leyti með jöfnum afborgunum.

11. gr.

Lán þau, er Fiskiveiðasjóðurinn veitir, má hann greiða í vaxtabrjefum sjóðsins eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rjett til að heimta, að Fiskiveiðasjóðurinn annist endurgjaldslaust um að koma þeim í peninga, svo sem þau ganga best, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, svo og afföll. Fiskiveiðasjóðurinn hefir þó jafnan rjett til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir vaxtabrjefin, eða þau hafa verið seld fyrir, að frádregnum öllum beinum kostnaði.

Stjórn sjóðsins má semja um sölu vaxtabrjefa fyrirfram og hjóða þau opinberlega almenningi til sölu, enda samþykki ráðherra söluverðið og upphæð brjefa þeirra, er selja má fyrirfram.

Nú eru vaxtabrjef seld með afföllum, og má þá nafnverð lánanna fara svo mikið fram úr takmörkum þeim, sem sett eru í 8., 9. og 13. gr., sem afföllunum nemur.

12. gr.

Lánnum þeim, er Fiskiveiðasjóður veitir, má ekki segja upp meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur úr sjer, svo að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátrygðum eignum, sem að veði eru og taldar eru með i matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfum Fiskiveiðasjóðs, eða nyr eigandi vanrækir að taka lánið að sjer, er stjórn Fiskiveiðasjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar Fiskiveiðasjóðs skulu greiða vexti, afborganir og tillag til að borga kostnað við sjóðinn í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð, um leið og hann tekur lánið.

Árlegt tillag, til að borga kostnað við sjóðinn og til varasjóðs, er $\frac{1}{2}$ % á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Gjald þetta fellur burtu, ef vextir þess flokks, sem lánið er veitt úr, eru 6% eða hærri; og ef

vextirnir eru milli $5\frac{1}{2}\%$ og 6% , færast gjaldið niður hlutfallslega, svo að vextirnir að viðbættu gjaldinu fari ekki fram úr 6% .

14. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga af lánum þeim, sem veitt hafa verið vegna sölu vaxtabrjefa, skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er Fiskiveiðasjóðurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn stjórn sjóðsins. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á vaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð Fiskiveiðasjóðsins. Sjóðurinn má og innleysa vaxtabrjef í stærri stíl.

15. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólum upp frá því.

16. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð Fiskiveiðasjóðs, sje þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

17. gr.

Nú glatast vaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum Fiskiveiðasjóðs, og getur þá stjórn sjóðsins á kostnað eiganda innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn Fiskiveiðasjóðsins útgefið handa hinum skráða eiganda nýtt vaxtabrjef, með sömu upphæð og það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur sjóðnum. Um ógilding annara vaxtabrjefa fer eftir almennum lögum.

18. gr.

Vaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til afborgana af lánum, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirslu Fiskiveiðasjóðs, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

19. gr.

Vaxtamiða og vaxtabrjef, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs í Reykjavík. Í reglugerð sjóðsins má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram annarsstaðar.

20. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskiveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja Fiskiveiðasjóði það út til eignar, ef þörf er á. Fiskiveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar málskoti.

Fiskiveiðasjóðurinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskiveiðasjóðurinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

21. gr.

Í stjórn Fiskiveiðasjóðs eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn framkvæmdarstjóri og tveir gæslustjórar. Framkvæmdarstjóri Ræktunarsjóðsins skal einnig vera framkvæmdarstjóri Fiskiveiðasjóðs. Gæslustjórar skulu skipaðir til 4 ára, og ganga úr annaðhvert ár til skiftis, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Skal að minsta kosti annar gæslustjórinn hafa sjerþekkingu á sjávarútvegi.

Um þóknun til framkvæmdarstjóra og gæslustjóra fer eftir ákvörðun ráðherra.

Ráðherra getur vikið stjórnendum sjóðsins frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

22. gr.

Fyrst um sinn, þangað til stjórn sjóðsins með samþykki ráðherra gerir aðra ákvörðun, hefir Landsbanki Íslands á hendi alla afgreiðslu Fiskiveiðasjóðs, þar á meðal bókfærslu hans, og leggur honum til tryggja skjalavörslu, fyrir þóknun, er um semur milli stjórna Landsbankans og Fiskiveiðasjóðs. Verði ágreiningur, úrskurðar ráðherra upphæðina.

23. gr.

Reikningar Fiskiveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, er ráðherra skipar til þess. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Meðan Landsbankinn hefir afgreiðslu á hendi fyrir sjóðinn, skulu endurskoðendur Landsbankans hafa endurskoðun reikninga Fiskiveiðasjóðs á hendi, gegn þóknun, sem reglugerð sjóðsins ákveður.

Ráðherra getur, hvenær sem er, krafist allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

24. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskiveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sje gert sjerstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögnum.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52, 10. nóvember 1905, um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands, og lög nr. 29, 16. nóvember 1907, um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1928.

Greinargerð.

Síðan Fiskiveiðasjóður Íslands, með lögum nr. 52, 10. nóv. 1905, var settur á stofn, hefir vjelbátaútvegi landsmanna, samhliða stórútgærðinni, fleygt mjög fram.

Bátarnir eru orðnir stórum mun stærri og að öllu leyti betur útbúnir, og vjelarnar margfalt aflmeiri. Af þessu hefir um leið leitt það, að miklu meira fje hefir þurft að hafa handa á milli til að ráðast í útgærð.

Fiskiveiðasjóðurinn var stofnaður aðallega til að efla bátaútveginn, og þá einkum vjelbátaútveginn, sem hafinn var þegar sjóðurinn var stofnaður, en ýmislegt hefir borið til þess, að sjóðurinn hefir náð skamt til þess að bæta úr lánsþörfinni á þessu sviði, og er þó sist fyrir það að synja, að hann hafi orðið til stuðnings og eflingar þessari atvinnugrein að ýmsu leyti, og þá einkum til bátakaupa.

Í frv. því, er hjer um ræðir, er nú leitast við að efla þessa stofnun, til þess að hún geti áframhaldandi leyst af hendi verkefni sitt, bæði með árlegu framlagi úr rikissjóði — 100000 krónum — í næstu fimm ár, og svo með því að leyfa sjóðnum að gefa út vaxtabrjef, svo vel trygð, að útgengileg sjeu á innlendum markaði. Ennfremur munu flutningsm. beina ýmsum fleiri uppástungum um tekjuauka sjóðnum til handa til nefndar þeirrar, er fær frumv. til meðferðar.

Í meginatriðum er ætlast til, að haldið sje upprunalegu fyrirkomulagi sjóðsins, lánveitingum til bátakaupa, til stofnsetningar iðnaðarfyrirtækja bátaútveginum til stuðnings og til hagnýtingar fiskiafurða og fiskiúrgangs, og yfir höfuð þeim fyrirtækjum, sem standa beint í sambandi við sjávarútveginn og framleiðslu sjávarafurða. En alt þetta yrði auðvitað að taka nánar til í væntanlegri reglugerð fyrir sjóðinn.

Að öðru leyti hefir fyrirkomulag Ræktunarsjóðsins verið tekið til fyrirmyndar að því leyti, sem það hefir þótt viðeigandi. Þessar tvær lánsstofnanir, Ræktunarsjóður og Fiskiveiðasjóður, eiga að hafa það hlutverk með höndum að efla höfuðatvinnuvegi landsmanna, hvor á sínu sviði, og fer vel á því, að sem mest samræmi sje á fyrirkomulagi þeirra, eftir því sem við getur átt.

Ákvæði siglingalaganna um sjóveð gera fiskiskip, einkum hin smærri, óveðhæf, þar eð vitanlegt er, að sjóveð geta hlaðist á slíkt skip, svo að þó það sje áður veðsett með fyrsta veðrjetti, getur svo farið vegna áðurnefndra ákvæða um sjóveð, að hinn upprunalegi fyrsti veðrjettur verði einskis nýtur, eða því sem næst. Af þessu hefir leitt, að bankar og aðrar lánsstofnanir, þar á meðal Fiskiveiðasjóður, hafa litið svo á, að jafnvel fyrsti veðrjettur í slíku skipi væri gagnslaus trygging fyrir láni, og í Fiskiveiðasjóði hefir það verið svo í seinni tíð, að við ákvörðun lánveitinga hefir eingöngu verið farið eftir því, hversu góðar fasteignatryggingar lánbeiðendur hafa getað sett.

Þegar svo er komið, er auðsætt, að sjóðurinn nær ekki að öllu leyti tilgangi sínum, þeim, að styrkja þá útvegsmenn til fiskiskipakaupa, sem mest þurfa fjárhagslegs stuðnings við. Slíkir menn hafa sjaldnast fasteignatryggingar á boðstólum.

Annarsvegjar er hjer um mikilsvert tryggingarákvæði fyrir kaupri háseta að ræða, ef útgerðin gengur svo illa, að sá, sem hana rekur, getur ekki greitt umsamið kaupgjald skipverja, ákvæði, sem á hinn bóginn lamar aðstöðu útvegsmanna með því að eyðileggja veðhæfi fiskiskipanna, og gerir þeim ennfremur því nær ókleift að leigja öðrum báta sína, vegna áhættu þeirrar, sem af sjóveðs-kröfum þessum getur stafað.

Annmarkar sjóveðs þess, er hjer um ræðir, eru svo miklir, að þeir verða oft að minsta kosti óbeinlínis til óhagræðis og atvinnumissis þeim, sem atvinnu á fiskiskipunum stunda.

Til þess að gera það, sem unt er, til að tryggja hásetum fiskiskipa þeirra, sem hjer um ræðir, skilvísa greiðslu á kaupgjaldi sínu, án þess með því að eyðileggja veðhæfi skipanna við lánsstofnanir þær, sem leita verður til útveginum til stuðnings, verður væntanlega flutt sjerstakt frv. á þessu þingi.